

Efni: Umsögn um mál nr. 305, frumvarp til breytinga á raforkulögum

Undirritaður sat í svokallaðri jarðstrengjanefnd, sem skipuð var skv. þingsályktun Alþingis nr. 4/140, og skilaði álitinu til ráðherra í febrúar 2013. Upphaflegur tilgangur laut að umhverfisvernd.

Sem fulltrúi landeigenda í jarðstrengjanefnd vara ég eindregið við því að Alþingi samþykki ofangreint frumvarp óbreytt og að óathuguðu máli, af eftirgreindum ástæðum.¹

Jarðstrengjanefndinni var falið að setja fram tillögur um stefnu um jarðstrengi. Fjallaði hún um raflínur í flutningskerfinu eingöngu (í eigu Landsnets, ekki raflínur í dreifikerfi, þær eru almennt lagðar í jörð). Nefndin taldi í álitinu, dagsettu í febrúar 2013, **formleysi kerfisáætlunar Landsnets**, vera hluta af vandamálinu sem hamlaði sátt um raflínulagnir, en áætlunin leggur grunn að framkvæmdum sbr. 5. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Hafði hún ekki hlotið umhverfismat skv. lögum nr. 105/2006. Mæltist nefndin til þess að lögfestingu Evróputilskipunar 2009/72 (þriðja raforkutilskipunin) yrði hraðað (tilskipunin mælir fyrir um fyrirtækjaaðskilnað flutningsfyrirtækis frá framleiðslu raforku og sjálfstæði raforkueftirlits). Telja verður að úr þessu formleysi hafi þegar verið leyst með eftirgreindum hætti:

- Með úrskurði umhverfis- og auðlindaráðherra frá 21. maí 2013 var kveðið á um að kerfisáætlun Landsnets skyldi umhverfismetin skv. lögum nr. 105/2006. Kerfisáætlun hefur þannig verið sett í formlegt ferli frá því jarðstrengjanefndin gaf álit sitt.
- EFTA ríkin Noregur og Ísland hafa unnið að svokallaðri tveggja stoða lausn við eftirlit það sem kveðið er á um í þriðju raforkutilskipuninni. Noregur hefur þegar heimilað að tilskipunin verði tekin upp í EES samninginn og samkvæmt fundargerðum atvinnuveganefndar, utanríkismálanefndar og stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis er tilskipunin með þeirri lausn nú til afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Þannig er nú einungis beðið eftir Alþingi Íslendinga með að þriðja raforkutilskipunin fari inn í EES samninginn.

Í samræmi við ofangreint er ofaukið boðuðum breytingum á raforkulögum. Ég legg áherslu á að hinar fyrirjáanlegu og nauðsynlegu breytingar á **sjálfstæði eftirlits** með raforkumálum og **fyrirtækjaaðskilnaði**, sbr. ákvæði þriðju raforkutilskipunarinnar tengjast beint kerfisáætlun. Þær kröfur þarf að fara vel yfir áður en hreyft er við núgildandi raforkulögum. Í því samhengi er rétt að minna á að lengi hefur verið starfandi fastanefnd um endurskoðun á raforkulögum, og er eðlilegast að hún fjalli um allar þær breytingar sem kann að þurfa að gera á lögum heildstætt og í samhengi við innleiðingu þriðju raforkutilskipunarinnar. Er því lagt til að frumvarpinu verði vísað til þeirrar nefndar.

Í annan stað er sérstaklega, og óháð ofangreindu, varað við að **nýtingar- og biðflokkur rammaáætlunar skv. lögum nr. 48/2011 verði forsenda kerfisáætlunar** svo sem ráð virðist fyrir gert í 2. gr. frumvarpsins (sjá athugasemdir með þeirri grein). Atvinnuveganefnd er kunnara um það en frá þurfi að segja að hvorki nýtingarflokkur né biðflokkur merkir að ákvörðun hafi verið tekin um að virkja. Hvað þá heldur að hrofa skuli til þeirra flokka beggja með flutningsmannvirki á næstu 10 árum.

Í þriðja lagi er atvinnuveganefnd bent á að gert er ráð fyrir því í tillögu til þingsályktunar í máli nr. 321, sem vísað er til í frumvarpinu, að **engar raflínur meginflutningskerfisins verði lagðar í jörð**. Stefnan gengi þannig í þveröfuga átt við það sem lagt var upp með greinargerð með þingsályktun 4/140 : „...**að leggja sem mest af raflínur í jörð**“.

Sjálfsgat er að koma til fundar við atvinnuveganefnd til að skýra ofangreint og svara spurningum.

Virðingarfyllt,

Ólafur Valsson

¹ Sjá einnig álit jarðstrengjanefndar sem lagt fram sem þingmál nr. 60 á síðastliðnu þingi. Landeigendur skiluðu umsögn sinni um það þingmál, sjá <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=143&dbnr=1098>. Landeigendur skiluðu einnig umsögn um frumvarp sem lagt er fram sem þingmál 305 til atvinnuvegaráðuneytisins, sjá <http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Raforkulog---Landeigendur.pdf>